

Ed.

199. Frumvarp til laga

[143. mál]

um breyting á lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, sbr. lög 75/1967, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Lög um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 3. gr. sbr. 1. gr. laga nr. 75 19. desember 1967, breytist þannig, að í stað „20 ára“ kemur „18 ára“.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 75 19. desember 1967 var lögræðisaldur lækkaður úr 21 ári í 20 ár. Sú breyting var gerð í tengslum við lækkun kosningaaldurs, sem ráðgerður var í stjórnarskrárbreytingu sem hlotið hafði samþykki í fyrra sinni fyrir alþingiskosningar það ár, og ljóst var að mundi fá endanlegt samþykki á Alþingi 1967—68. Um lögræðisaldurinn hafði, út af fyrir sig, ekki staðið umræða þá og hefur raunar ekki heldur verið veruleg síðan. Hitt þykir öllum augljóst, að með öllu væri óeðlilegt, að kosningaaldur væri lækkaður, án þess að lögræðisaldur yrði lækkaður að sama skapi. Segja má raunar, að ekki sé með sama hætti sjálfgefið að lækkun kosningaaldurs fylgi lækkun lögræðisaldurs. Slik umræða, sem áður greindi, hefur ekki verið veruleg um lækkun kosningaaldurs í 18 ár fyrr en nú á síðasta tíma. Ærnar ástæður hafa hinsvegar verið um nokkurt skeið til þess, að lækkun lögræðisaldurs væri meira til umræðu en verið hefur. Árið 1970 hafði lögræðisaldur á öllum Norðurlöndum lækkað úr 21 í 20 ár. Á árinu 1972 gerði Evrópuráðið ályktun um að mæla með því, að Evrópuráðslöndin lækkuðu lögræðisaldurinn í 18 ár. Ýmis lönd í Vestur-Evrópu hafa þegar gert það, svo sem England, Vestur-Þýskaland, Frakkland, Ítalía og Luxembourg. — Árið 1974 lækkuðu Svíar lögræðisaldurinn í 18 ár, en á árinu 1976 var lögræðisaldur lækkaður í 18 ár í Danmörku og Finnlandi. Á ríkisstjórnarfundi í októbermánuði sl. gerði dómsmálaráðherra tillögu um að lagt yrði fyrir Alþingi lagafrumvarp um lækkun lögræðisaldurs í 18 ár. Var á það fallist. Á fundi dómsmálaráðherra Norðurlanda í Helsingfors í nóvember sl. var spurst fyrir um, hvað Norðmenn og Íslendingar hygðust fyrir í þessu efni. Skýrði dómsmálaráðherra frá því að þess mætti vænta að lagafrumvarp um lækkun lögræðisaldurs í 18 ár yrði lagt fyrir Alþingi fyrir lok ársins. Norðmenn kváðust búast við að lagafrumvarp um það efni yrði lagt fyrir Stórþingið á þessum vetri.

Núgildandi lög um lögræði, nr. 95 1947 voru sett er fyrstu almennu lögin um lögræði höfðu verið í gildi í 30 ár. Þau lög voru, er þau voru sett 1917, á ýmsan

hátt mikilsverð réttarbót. Þá var fjárræðisaldur lækkaður úr 25 árum í 21 ár, og ákvarðanir um lögræðissviptingu voru fluttar úr hendi stjórnvalda til dómstóla. — Mikilsverðar úrbætur voru gerðar með lögum 95 1947, þótt engum aldurstakmörkum væri þá breytt. Aðaltilefni endurskoðunar er dr. Þórði Eyjólfssyni var falin 1946 voru úrbætur á reglum um frelsisskerðingu í sambandi við lögræðissviptingar, en einnig voru settar skýrari reglur um áhrif ólögræðis á gildi löggerninga. — Í einu efni sker Ísland sig úr hópi Norðurlandanna, en það er um sjálfræðisaldur, sem hefur á Íslandi frá ómunatíð verið 16 ár. Fjárræðisaldur hafði eftir Grágás verið 16 ár en varð með Jónsbók 20 ár, en sjálfræðisaldur 16 ár sem hann hefur verið æ síðan, en fjárræðisaldur hækkaði í 25 ár 1831, er dönsku lög Kristjáns V. voru lögtekin um þetta efni. — Ekki er ástæða til að rekja nánar hverjar ástæður voru fyrir því, að sjálfræðisaldur hafi haldist lægri hér á landi en í öllum löndum er við höfum átt mest samskipti við. Einangrun landsins hefur eflaust valdið miklu um það, ásamt hinum sérstæðu atvinnuháttum um aldir, er orsakað hafa önnur viðhorf og aðstæður í þjóðlífi okkar. Hitt er ótvírætt almenn skoðun á síðari árum og sérstaklega síðustu áratugum, að aukinni skólagöngu og menntun ásamt aukinni hagsæld hafi fylgt skjótari þroski æskulýðs, þannig að eðlilegt sé, að skjótari forráð eigin mála fylgi. Þetta hefur meðal annars komið fram í því að fjölskyldustofnun verður á síðustu árum oft fyrr en almennt tíðkaðist til skamms tíma. Einnig hefur sjálfstæð tekjuöflun og eignaumsvif ungmenna aukist að mun. Er þess því að vænta, að vart muni um það deilt, að breytingar á þessu löggjafarsviði séu tímabærar. Með lögum frá 1972 var heimill aldur til hjúskaparstofnunar alfarið lækkaður í 18 ár. Þótt hjúskaparstofnun fylgi að lögum sjálfkrafa lögræði, er sú ákvörðun aldursmarka enn ein staðfesting umræddrar þróunar.

Ráðgert er að lagafrumvarpi þessu muni fylgja önnur, þar sem breytt verður ákvæðum þar sem miðað er við tiltekin aldursmörk, svo sem t. d. í hjúskaparlögum og ættleiðingarlögum. Sjálfkrafa orsakar lagasetning, sem breytir lögræðisaldri, breytingu í fjölmörgum tilfellum, þar sem löghæfi er miðað við lögræði, en þar sem þess er krafist í lögum, merkir það fullræði, þ. e. að gildandi lögum 20 ára aldur.

Um 1. gr.

Lagt er til að lækka aldursmörkin úr 20 í 18 ár. Verður þá að íslenskum lögum tveggja ára bil frá öflun sjálfræðis til fulls lögræðis. Á hinum Norðurlöndunum hefur þetta tveggja ára bil horfið við lækkun lögræðisaldurs í 18 ár vegna herra aldursmarks sjálfræðisaldurs.

Um 2. gr.

Rétt þykir að lögin taki ekki gildi fyrr en að nokkrum mánuðum liðnum, svo að lögráða- eða fjárhaldsmönnum gefist tími til að ljúka fjárhaldi með nokkrum umþóttunartíma er aldursmörk breytast.